



## Fundur háskólaráðs 8. mars 2005

### Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jónína Helga Þórólfsdóttir  
Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 03.03.2005  
Dags: 08.03.2005

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

04/2005

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, þriðjudaginn 8. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 15.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Rögnvaldur Ólafsson, Birna Arnbjörnsdóttir (varam. Vilhjálms Árnasonar), Bryndís Harðardóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Matthías P. Imsland, Inga Jóna Þórðardóttir og Eiríkur Tómasson.

### 1. Mál til fróðleiks

1.1 Tillaga til þingsályktunar frá allsherjarnefnd Alþingis um nýjan þjóðsöng dags 4. febrúar 2005. Umsögn guðfræðideildar lögð fram.  
- Rektor falið að ganga frá endanlegri umsögn.

### 2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Bókanir H.Í. og Fh. 28. febrúar 2005 vegna brottfalls greina úr miðlægum kjarasamningi aðildarféлага BHM sem undirritaður var 28. febrúar 2005 með fyrirvara um samþykki stjórna viðkomandi féлага.

Rektor gerði fyrir málinu ásamt Jóhannesi Rúnari Sveinssyni, fulltrúa Félags háskólakennara og Félags prófessora, og Guðmundi R. Jónssyni, formanni samráðsnefndar um kjaramál.

Málið var rætt.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

„Það er á valdi háskólaráðs að setja reglur um mat á kennslu og stjórnun til vinnustunda, hvað nánar felst í starfsþáttunum kennsla, rannsóknir og stjórnun og hlutfall þeirra starfa af heildarvinnutíma. Háskólaráð tryggir að Félag háskólakennara eigi fulla aðild að undirbúningi og gerð reglna hvað þessa þætti varðar. Reglur þessar skulu settar fyrir 1. maí 2006 og skulu birtar með stofnanasamningi“.

- Samþykkt samhljóða.

Þá voru lagðar fram til staðfestingar tvær bókanir Félags háskólakennara og Háskóla Íslands, 28. febrúar 2005 vegna greinar 1.5.7 sem fellur brott úr miðlægum kjarasamningi 1. maí 2005. Fyrri bókunin hljóðar svo:

„Vinnumatssjóður vegna rannsókna.

Félagsmenn í Félagi háskólakennara sem gegna a.m.k. hálfu starfi og taka laun samkvæmt matskerfi kennara og sérfræðinga skulu eiga kost á greiðslum úr vinnumatssjóði vegna rannsókna fyrir nýsköpun og árangur í rannsóknum á liðnu almanaksári. Skulu viðkomandi félagsmenn Félags háskólakennara skila vinnuskýrslu

til rannsóknasviðs Háskóla Íslands í samræmi við gildandi reglur. Félag háskólakennara og Háskóli Íslands setja sér reglur um sjóðinn sem birtar eru í stofnanasamningi. Háskóli Íslands tryggir 12,5% af dagvinnulaunum þeirra félagsmanna sem fá greitt af fjárveitingum hans og rétt hafa til að sækja um greiðslur í sjóðinn. Háskóli Íslands beitir sér fyrir því að tengdar stofnanir greiði samsvarandi fjármagn í sjóðinn vegna viðkomandi starfsmanna sinna, ella ákveður háskólaráð framlag Háskóla Íslands vegna þeirra.“

Síðari bókunin hljóðar svo:

„Ársmatssjóður vegna starfa við stjórnslu og þjónustu . Félagsmenn í Félagi háskólakennara sem starfa við stjórnslu- og þjónustustörf og taka laun samkvæmt starfs- og hæfnismati skulu eiga kost á kaupauka í samræmi við reglur þar um sem Félag háskólakennara og Háskóli Íslands koma sér saman um og birtar eru í stofnanasamningi. Viðkomandi félagsmenn skulu skila umsóknum um ársmat til starfsmannastjóra í samræmi við gildandi reglur. Fjármagn til sjóðsins árið 2005 er 23,5 m.kr. miðað við upphaf ársins en tekur breytingum samkvæmt launavísitölu og fjölda starfsmanna sem rétt hafa til að sækja í sjóðinn. Háskóli Íslands beitir sér fyrir því að tengdar stofnanir greiði hlutfallslega í sjóðinn vegna viðkomandi starfsmanna sinna, ella ákveður háskólaráð framlag Háskóla Íslands vegna þeirra. Félagsmenn Félags háskólakennara á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eiga ekki aðild að sjóði þessum nema unnt sé að tryggja fjármagn til sjóðsins vegna þeirra.“

- Báðar bókanirnar samþykktar einróma.

Inga Jóna Þórðardóttir tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. Loks var nýr stigaskali samþykktur með fyrirvara um auknar fjárveitingar frá ríkisvaldinu til að mæta auknum kostnaði vegna dagvinnulauna.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15.50